

VIÐBRÖGÐ VIÐ JARÐSKJÁLFTUM

UPPRIFJUN Á VIÐBRAGÐSÁÆTLUNUM VEGNA ÁHÆTTUSTIGS



FRÁ ALMANNAVÖRNUM

- **Ef þú ert innandyra þegar jarðskjálfti byrjar– ekki hlaupa af stað.**
- Haltu kyrru fyrir, mörg slys verða þegar hlaupið er af stað
- Farðu undir borð eða rúm, verðu höfuð og háls, haltu þér í sterkbyggð húsgögn
- Krjúptu niður í horni við burðarvegg eða í hurðaropi við burðarvegg. Gætið fyllstu varúðar og skoðið flóttaleið út eftir skjálftann.
- Verðu höfuð þitt og andlit með kotta- ef þú vaknar upp við jarðskjálfta
- Haltu þig frá gluggum – þeir geta brotnað
- Láttu þína nánustu vita af þér með SMS þegar jarðskjálftinn hættir

-
- **Ef þú er utandyra þegar þú finnur jarðskjálfta – ekki hlaupa inn**
 - Vertu áfram úti – reyndu að finna skjól til að *krjúpa, skýla, halda*
 - Reyndu að koma þér frá byggingum sem geta hrunið
 - Grijóthrun, skriður og snjóflóð geta fallið úr hlíðum og fjalllendi
 - Raflínur eru hættulegar ef þær slitna – varist að snerta þær
 - Reyndu að komast á opið svæði þar sem byggingar þrengja ekki að
 - Farðu frá ströndinni ef þú ert á svæði þar sem hætta er á flóðbylgju

-
- **Ef þú ert að keyra þegar þú finnur jarðskjálfta:**
 - Leggðu ökutæki og stoppaðu. Vegir og brýr geta skemmst í jarðskjálfta
 - Hafðu sætisbeltin spennt
 - Haltu kyrru fyrir ef þú ert í bíl þar sem hann getur varið þig gegn brotum og braki sem hægt er að verða fyrir í jarðskjálfta – hlustaðu á útvarpið, þar koma jafnan fyrstu upplýsingarnar um jarðskjálftann.
 - <https://www.almannavarnir.is/natturuva/jardskjalftar/vidbrogd-vid-jardskjalfta/>

FYRIR BÖRN FRÁ ALMANNAVÖRNUM

- <https://www.almannavarnir.is/forvarnir-og-fraedsla/fraedsluefni-fyrir-born/>

- KRJÚPA – SKÝLA – HALDA

- Úti í horni
- Undir borði
- Í hurðaopi

<https://www.almannavarnir.is/natturuva/jardskjalftar/krjupa-skyla-halda/>

- Þegar skjálfti er liðin hjá er hægt að huga að rýmingu ef tilefni er til.
- Munum að ræða hlutina af yfirvegum og minna á að líkurnar á að eitthvað gerist séu mjög litlar.

RÝMIN OKKAR

Förum yfir rýmin okkar og hugum sérstaklega að:

Hlutum á hæstu hillum

Lausum skápum og hirslum sem þarf að festa

Greiðum flóttaleiðum

ÚR RÝMINGARÁÆTLUN SKÓLANS

Fólksfjöldinn

Hreyfigeta fólksins

Fjöldi
aðstoðarfólks ef
þörf er á og um
er að ræða

Rýmingarleiðir

Söfnunarstaður og
lokastaður


Tíminn til
rýmingar

FJÖLDI FÓLKS

- Allir kennarar og aðrir sem að koma að starfinu þurfa að gera sér grein fyrir þeim fjölda nemenda (og stafsmanna) sem eru í húsinu hverju sinni.
- Förum vel yfir það í byrjun dags hverjir eru mættir og hverjir ekki. Munum að setja á okkur (skrá) ef að nemendur fara fyrir lok dags.
- Það getur hjálpað ef að það þarf að leita í húsi eða til að koma í veg fyrir óþarfa leit.
- Mikilvægt að allir kennarar séu með kladda með helstu upplýsingum til að taka með ef það þarf að rýma.

HREYFIGETA OG FJÖLDI AÐSTOÐARFÓLKS

Gætum sérstaklega að þeim nemendum eða starfsmönnum sem þurfa aðstoð.



Gera þarf ráðstafanir til að einhver sinni þessum aðilum sérstaklega.

RÝMINGARLEIÐIR

- Förun yfir með nemendum þær leiðir sem við notum til rýmingar. Þær geta verið annarstaðar en í anddyri.

SÖFNUNARSTAÐUR

- Söfnunarstaður allra er á sparkvelli.
- Munum að þar eiga allir að koma saman til að hægt sé að telja.
- Mikilvægt er að bekkir haldi hópinn á söfnunarsvæðinu og að kennarar og aðstoðarfólk fari vel yfir það hvort að allir eru komnir út. Ef ekki þá þarf að láta stjórnendur vita strax.
- Nemendur í heimilisfræði fara á sparkvöll.
- Nemendur í Íþróttahúsi fara á söfnunarsvæði íþróttahússins (kennarar þurfa að kynna sér hvar það er).